

Det som finnes og det som er borte

Höfundur texta og mynda: Kaia Dahle Nyhus (Noregi)
Cappelen Damm, 2025

Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2025

Söguþráður: Ég á heima með mömmu og pabba og kisu í húsi með bláum listum og garði. En svo kom stríðið og við mamma ókum yfir í annað land. Hér er nýtt hús, nýtt rúm og ný kisa en enginn pabbi. Hvernig getur fólki liðið eins og heima hjá sér þegar það hefur þurft að flýja frá öllu sem það þekkir?

Efnisorð: fjölskylda, flótti, sjónarhorn barns, tilfinningar, stríð, söknuður



Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Flettu bókinni og skoðaðu myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli þína? Vekur einhver opna í bókinni sérstaka athygli þína? Skoðaðu litina í bókinni. Hvaða liti sérðu? Áttu upphaldslit?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Um hvað heldurðu að bókin fjalli?
2. Skoðaðu litina í bókinni. Eru litirnir glaðlegir eða dapurlegir? Hvers vegna heldurðu að barnið sé hvítt?
3. Hvaða plöntur og dýr þekkirðu? Eru einhverjar af þessum plöntum eða dýrum til heima hjá þér?
4. Áttu upphaldsdýr eða upphaldsplöntu? Teiknaðu mynd af því sem þú heldur upp á.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Aðalpersónan á heima með mömmu og pabba í húsi með bláum listum. Tekurðu eftir einhverju öðru í fyrstu opnunni? Er munur á því sem stendur í textanum og því sem myndirnar sýna?
2. Strax í annarri opnunni breytist eitthvað. Ræðið hvernig líf aðalpersónunnar breytist. Er eitthvað eins eða svipað í upphafi bókarinnar og við lok hennar?

3. Hvernig er að byrja í nýjum bekk? Hefur þú byrjað í nýjum bekk eða hefur nýr nemandi komið í bekkinn þinn? Hvað er hægt að gera til þess að öllum í bekknum líði vel?

4. Í bókinni er leynilegur konfektkassi. Hvað myndir þú geyma í leynikassa? Teiknaðu og klipptu út það sem þú myndir vilja hafa í leynikassanum þínum.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Skoðaðu fyrstu og síðustu opnu bókarinnar. Hvað er líkt og hvað er ólíkt í textanum og á myndunum? Sérðu einhver tákni í bókinni? Hvernig skilurðu sögulo-kin?
2. Hvernig fannst þér bókin? Hvað fannst þér gott, var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur sem þú þekkir?
3. Bókin heitir „Det som finnes og det som er borte“, sem sagt „Það sem er til og það sem er horfið“. Hvað heldurðu að heiti bókarinnar þýði? Margar setningar bókarinnar byrja á „þar er“ eða „þar er ekki“. Skrifðu texta um upphaldsstaðinn þinn þar sem þú byrjar setningarnar á „þar er“ og „þar er ekki“. Þú getur líka skrifað sögu eða frásögn um eitthvað sem er ekki til eða er horfið.
4. Heldurðu að efni bókarinnar eigi erindi til okkar í dag? Heldurðu að bókin gefi raunsanna mynd af því að vera á flótta í dag?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Krigen. Höfundur texta: Gro Dahle. Höfundur mynda: Kaia Dahle Nyhus

Oravien sota. Höfundur texta: Riina Katajavuori. Höfundur mynda: Martin Baltscheit

Abbi og eg og Abbi. Höfundur texta: Dánial Hoydal. Höfundur mynda: Annika Øyrabø

MÁLAMOLI

"Flótti"

sænska

Flykt

danska

Flugt

norska

Flukt

íslenska

Flótti

færeyska

Flýggjan

grænlandska

Qimaaneq

finnska

Pako

norðursamíska

Báhtareapmi



Fylgið Norræna bókgaleypinum á Instagram til að fá hugmyndir að bókum sem gaman væri að lesa:
@nordiskabokslukaren!